

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

▼ Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu. Í kafla 4.8 eru upplýsingar um hvernig tilkynna á aukaverkanir.

1. HEITI LYFS

Lazcluze 80 mg filmuhúðaðar töflur
Lazcluze 240 mg filmuhúðaðar töflur

2. INNIHALDSLÝSING

Lazcluze 80 mg filmuhúðaðar töflur

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 80 mg lazertinib (sem mesýlateinhýdrat).

Lazcluze 240 mg filmuhúðaðar töflur

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 240 mg lazertinib (sem mesýlateinhýdrat).

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Filmuhúðuð tafla.

Lazcluze 80 mg filmuhúðaðar töflur

Gul 14 mm sporöskjulaga tafla með áletruninni „LZ“ á annarri hliðinni og „80“ á hinn hliðinni.

Lazcluze 240 mg filmuhúðaðar töflur

Rauðfjólublá 20 mm sporöskjulaga tafla með áletruninni „LZ“ á annarri hliðinni og „240“ á hinn hliðinni.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Lazcluze ásamt amivantamabi er ætlað sem fyrstavalmeðferð hjá fullorðnum sjúklingum með langt gengið lungnakrabbamein sem ekki er af smáfrumugerð (NSCLC) með stökkbreytingarnar úrfelling í táknröð 19 eða útskipting í táknröð 21 L858R í vaxtarþáttarviðtaka í húðþekju (*EGFR*).

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Læknir með reynslu af notkun krabbameinslyfja á að hefja meðferð með Lazcluze.

Áður en meðferð með Lazcluze er hafin á að staðfesta stöðu EGFR-stökkbreytingar í æxlisvef eða sýnum úr plasma með gildaðri prófunaraðferð. Ef stökkbreyting greinist ekki í plasmasýni, á að prófa æxlisvef ef hann er tiltækur í nægjanlegu magni og gæðum vegna hættu á falskt neikvæðum niðurstöðum með plasmasýni.

Skammtar

Ráðlagður skammtur af Lazcluze er 240 mg einu sinni á dag ásamt amivantamabi.

Ráðlagt er að gefa Lazcluze hvenær sem er áður en amivantamab er gefið þegar lyfin eru gefin sama dag. Sjá kafla 4.2 í samantekt á eiginleikum amivantamabs fyrir upplýsingar um ráðlagða skammta amivantamabs.

Bláæðasegarek við notkun ásamt amivantamabi

Í upphafi meðferðar skal gefa fyrirbyggjandi segavarnarlyf til að koma í veg fyrir bláæðasegarek hjá sjúklingum sem fá Lazcluze ásamt amivantamabi. Í samræmi við klínískar leiðbeiningar skulu sjúklingar fá fyrirbyggjandi skammta af segavarnarlyfjum til inntöku með beina verkun eða heparíni með lítinn sameindapunga. Notkun K-vítamínhemla er ekki ráðlögð.

Áhrif á húð og neglur

Sjúklingum á að gefa fyrirmæli um takmarka útsetningu fyrir sólarljósi meðan á samsettri meðferð með Lazcluze stendur og í 2 mánuði eftir meðferð og nota mýkjandi krem án alkóhóls á þurr húðsvæði. Fyrir frekari upplýsingar um fyrirbyggjandi aðgerðir vegna viðbragða í húð og nöglum, sjá kafla 4.4.

Lengd meðferðar

Meðferð á að halda áfram þar til sjúkdómurinn ágerist eða eiturvekanir verða óásættanlegar.

Skammtur sem gleymist

Ef fyrirhugaður skammtur af Lazcluze gleymist má taka hann innan 12 klst. Ef meira en 12 klst. eru liðnar frá því að skammturinn átti að vera tekinn á **ekki** að taka skammtinn sem gleymdist og næsta skammt á að taka samkvæmt venjulegri skammtaáætlun.

Aðlögun skammta

Ráðlögð skammtaminnkun vegna aukaverkana er í töflu 1.

Tafla 1: Ráðlögð skammtaminnkun Lazcluze vegna aukaverkana

Skammtaminnkun	Ráðlagður skammtur
Upphafsskammtur	240 mg einu sinni á dag
1. skammtaminnkun	160 mg einu sinni á dag
2. skammtaminnkun	80 mg einu sinni á dag
3. skammtaminnkun	Notkun Lazcluze hætt

Aðlögun skammta fyrir ákveðnar aukaverkanir eru í töflu 2.

Sjá kafla 4.2 í samantekt á eiginleikum amivantamabs fyrir upplýsingar um aðlögun skammta amivantamabs.

Tafla 2: Ráðlagðar breytingar á skömmtum Lazcluze og amivantamabs vegna aukaverkana*

Aukaverkun	Alvarleiki	Breytingar á skömmtum
Millivefslungna-sjúkdómur/millivefslungnabólga	Öll stig	- Hlé gert á meðferð með Lazcluze og amivantamabi ef grunur er um millivefslungnasjúkdóm/millivefslungnabólgu. - Notkun Lazcluze og amivantamabs hætt alfarið við staðfestan millivefslungnasjúkdóm/millivefslungnabólgu.
Bláæðasegarek (sjá kafla 4.4)	Tilvik með klínískum óstöðugleika (t.d. öndunarbílun eða hjartavandamál)	Hlé gert á meðferð með Lazcluze og amivantamabi þar til sjúklingurinn er stöðugur klínískt. Síðan má hefja meðferð á ný með sama skammti beggja lyfjanna.
	Endurtekið bláæðasegarek þrátt fyrir blóðþynningu í samræmi við meðferð.	Notkun amivantamabs hætt alfarið. Meðferð má halda áfram með sama skammti af Lazcluze.
Viðbrögð í húð og nöglum (sjá kafla 4.4)	1. stig	- Hefja á stuðningsmeðferð. - Endurmat eftir 2 vikur.
	2. stig	- Hefja á stuðningsmeðferð. - Ef engar framfarir verða eftir 2 vikur á að minnka skammt amivantamabs og halda áfram með Lazcluze. - Endurmat á 2 vikna fresti, ef engar framfarir verða á að minnka skammt Lazcluze þar til ≤ 1. stigi er náð (tafla 1).
	3. stig	- Hefja á stuðningsmeðferð. - Hlé gert á meðferð með Lazcluze og amivantamabi. - Ef bati að ≤ 2. stigi næst á að hefja meðferð á ný með sama skammti beggja lyfjanna eða íhuga skammtaminnkun, helst á að byrja með að minnka skammt amivantamabs. - Ef engar framfarir verða eftir 2 vikur á að hætta notkun Lazcluze og amivantamabs alfarið.
	4. stig (þ. á m. verulegar bólur, blöðrumyndun eða húðflögnun t.d. húðþekjudrepslos)	- Notkun amivantamabs hætt alfarið, hlé gert á meðferð með Lazcluze. - Hlé gert á notkun Lazcluze fram að ≤ 2. stigi eða upphafsgildi. - Ef bati að ≤ 2. stigi næst á að hefja meðferð á ný með sama skammti af Lazcluze.
Eiturverkanir á lifur	3. til 4. stig	- Hlé gert á meðferð með Lazcluze og amivantamabi. - Ef bati að ≤ 1. stigi næst á að hefja meðferð á ný með sama skammti beggja lyfjanna eða íhuga skammtaminnkun, helst á að byrja með að minnka skammt amivantamabs.

Náladofi	3. til 4. stig	• Hefja á stuðningsmeðferð. • Hlé gert á notkun Lazcluze fram að ≤ 1. stigi eða upphafsgildi. Hefja á meðferð með Lazcluze á ný með sama skammti eða íhuga skammtaminnkun. • Íhuga á að hætta notkun Lazcluze og amivantamabs alfarið ef aukaverkanirnar ganga ekki til baka innan 4 vikna.
Niðurgangur	3. stig	• Hefja á stuðningsmeðferð. • Hlé gert á meðferð með Lazcluze og amivantamabi. • Ef bati að ≤ 1. stigi næst á að hefja meðferð á ný með sama skammti beggja lyfjanna eða íhuga skammtaminnkun, helst á að byrja með að minnka skammt amivantamabs.
	4. stig	• Hefja á stuðningsmeðferð. • Hlé gert á meðferð með Lazcluze og amivantamabi. • Ef bati að ≤ 1. stigi næst á að minnka skammtinn, helst á að byrja með að minnka skammt amivantamabs.
Munnbólga	3.-4. stig	• Hlé gert á meðferð með Lazcluze og amivantamabi. • Ef bati að ≤ 2. stigi næst á að hefja meðferð á ný með sama skammti beggja lyfjanna eða íhuga skammtaminnkun, helst á að byrja með að minnka skammt amivantamabs.
Aðrar aukaverkanir	3.-4. stig	• Hlé gert á meðferð með Lazcluze og amivantamabi þar til aukaverkun gengur til baka að ≤ 1. stigi eða upphafsgildi. • Meðferð hafin á ný með öðru eða báðum lyfjunum, helst á hefja meðferð með Lazcluze fyrst með minni skammti, nema ef sterkur grunur er um að aukaverkun tengist Lazcluze. • Íhuga á að hætta notkun Lazcluze og amivantamabs alfarið ef aukaverkanirnar ganga ekki til baka innan 4 vikna.

* Sjá kafla 4.2 í samantekt á eiginleikum amivantamabs fyrir upplýsingar um ráðlagða skammta amivantamabs.

Sérstakir hópar

Aldraðir

Ekki þarf að aðlaga skammta (sjá kafla 4.8, 5.1 og 5.2).

Skert nýrnastarfsemi

Samkvæmt þýðisgreiningu á lyfjahvörfum þarf ekki að aðlaga skammta hjá sjúklingum með vægt skerta, meðalskerta eða verulega skerta nýrnastarfsemi. Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um sjúklinga með verulega skerta nýrnastarfsemi. Lyfjahvörf lazertinibs hjá sjúklingum með nýrnasjúkdóm á lokastigi eru ekki þekkt. Gæta á varúðar hjá sjúklingum með nýrnasjúkdóm á lokastigi (sjá kafla 5.2).

Skert lifrarstarfsemi

Ekki þarf að aðlaga skammta hjá sjúklingum vægt skerta eða meðalskerta lifrarstarfsemi. Lyfjahvörf lazertinibs hjá sjúklingum með verulega skerta lifrarstarfsemi eru ekki þekkt. Gæta á varúðar hjá sjúklingum með verulega skerta lifrarstarfsemi (sjá kafla 5.2).

Börn

Notkun lazertinibs á ekki við hjá börnum við meðferð á lungnakrabbameini sem ekki er af smáfrumugerð.

Lyfjagjöf

Lazcluze er til inntöku. Töflurnar á að gleypa heilar með mat eða án. Töflurnar má ekki mylja, kljúfa eða tyggja.

Ef uppköst verða einhvern tímann eftir töku Lazcluze á að taka næsta skammt daginn eftir.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu / virku efnunum eða einhverju hjálparefna sem talin eru upp í kafla 6.1.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Millivefslungnasjúkdómur/millivefslungnabólga

Greint hefur verið frá millivefslungnasjúkdómi eða aukaverkunum sem líkjast millivefslungnasjúkdómi (t.d. millivefslungnabólga), þ. á m. banvæn tilvik, hjá sjúklingum sem fengu meðferð með lazertinibi og amivantamabi (sjá kafla 4.8). Sjúklingar með sögu um millivefslungnasjúkdóm, lyfjatengdan millivefslungnasjúkdóm, geislunarmillivefslungnabólgu þar sem sterameðferð var nauðsynleg, eða einhverjar vísbendingar um klínískt virkan millivefslungnasjúkdóm voru útilokaðir frá klínísku lykilrannsókninni.

Fylgjast á með sjúklingum með tilliti til einkenna sem benda til millivefslungnasjúkdóms/millivefslungnabólgu (t.d. mæði, hósti, hiti). Ef einkenni koma fram á að gera hlé á meðferð með Lazcluze þar til einkennin hafa verið rannsökuð. Meta á grun um millivefslungnasjúkdóm eða aukaverkanir sem líkjast millivefslungnasjúkdómi og hefja viðeigandi meðferð eftir þörfum. Meðferð með Lazcluze á að hætta alfarið hjá sjúklingum með staðfestan millivefslungnasjúkdóm eða aukaverkanir sem líkjast millivefslungnasjúkdómi (sjá kafla 4.2).

Bláæðasegarek

Hjá sjúklingum sem fá Lazcluze ásamt amivantamabi var greint var frá bláæðasegareki m.a. djúþbláæðarstorku og lungnasegareki, þ. á m. banvæn tilvik (sjá kafla 4.8). Í samræmi við klínískar leiðbeiningar skulu sjúklingar fá fyrirbyggjandi skammta af segavarnarlyfjum til inntöku með beina verkun eða heparíni með lítinn sameindabunga. Notkun K-vítamínhemla er ekki ráðlögð.

Fylgjast á með teiknum og einkennum bláæðasegareks. Sjúklingar með bláæðasegarek eiga að fá meðferð með segavarnarlyfjum eftir því sem við á klínískt. Við bláæðasegarek sem tengist klínískum óstöðugleika á að gera hlé á meðferð þar til sjúklingur er klínískt stöðugur. Síðan má hefja meðferð á ný með sama skammti beggja lyfjanna.

Ef tilvikin endurtaka sig þrátt fyrir viðeigandi segavarnarmeðferð, á að hætta meðferð með amivantamabi. Meðferð má halda áfram með sama skammti af Lazcluze (sjá kafla 4.2).

Viðbrögð í húð og nögglum

Útbrot (þ. á m. örtulík húðbólga), kláði og húðþurrkur kom fram hjá sjúklingum sem fengu meðferð með lazertinibi ásamt amivantamabi (sjá kafla 4.8). Sjúklingum á að gefa fyrirmæli um að takmarka útsetningu fyrir sólarljósi meðan á samsettri meðferð með Lazcluze stendur og í 2 mánuði eftir meðferð. Ráðlagt er að nota hlífðarfatnað og breiðvirka UVA/UVB sólarvörn. Mælt er með alkóhóllausu, mýkjandi kremi á þurr húðsvæði. Íhuga skal fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir útbrot. Þetta felur í sér fyrirbyggjandi meðferð með sýklalyfi til inntöku (t.d. doxýcýklín eða mínócýklín, 100 mg tvisvar á dag) sem byrjar á fyrsta degi fyrstu 12 vikna meðferðar og eftir að sýklalyfjameðferð til inntöku er lokið, sýklalyfjaáburð fyrir hársvörð (t.d. clindamycin 1%) næstu 9 mánuði meðferðar. Íhuga skal rakakrem sem stíflar hvorki né lokar svitaholum fyrir andlit og líkama (nema hársvörð) og klórhexidínlausn til að þvo hendur og fætur frá fyrsta degi og halda því áfram fyrstu 12 mánuði meðferðar.

Ráðlagt er að ávísar staðbundnum sýklalyfjum og/eða til inntöku og staðbundnum barksterum og hafa tiltæk við upphafsskammt lyfsins til að hægt sé að bregðast fljótt við ef útbrot koma fram. Ef viðbrögð í húð eða nögglum koma fram á að gefa staðbundna barkstera sem og staðbundin sýklalyf og/eða sýklalyf til inntöku. Einnig á að gefa altæk sýklalyf og stera til inntöku við 3. stigs tilvikum eða 2. stigs tilvikum sem þolast illa og íhuga samráð við húðsjúkdómalækni. Minnka skal skammt Lazcluze, gera hlé á meðferð eða hætta henni alfarið eftir alvarleika (sjá kafla 4.2).

Augu

Augnkvillar á borð við glærubólgu komu fram hjá sjúklingum sem fengu meðferð með lazertinibi ásamt amivantamabi (sjá kafla 4.8). Sjúklingum með versnandi einkenni frá augum á tafarlaust að vísa til augnlæknis og notkun snertilinsa á að hætta þar til einkenni hafa verið metin.

Hjálparefni

Lyfið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverjum skammti, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Öflugir CYP3A4-virkjar geta dregið úr plasmabéttni lazertinibs. Lazertinib getur aukið plasmabéttni CYP3A4- og BCRP-hvarfefna.

Lyf sem geta breytt plasmabéttni lazertinibs

CYP3A4-virkjar

Við samhliðagið endurtekinna skammta rifampicins (öflugur CYP3A4-virkir) minnkaði C_{max} fyrir lazertinib um 72% og AUC um 83% hjá heilbrigðum einstaklingum. Forðast á samhliðagið Lazcluze og öflugra CYP3A4-virkja (t.d. carbamazepin, fenýtóín, rifampicín, jóhannesarjurt). Samhliðagið Lazcluze og meðalöflugra CYP3A4-virkja getur einnig dregið úr plasmabéttni lazertinibs og þess vegna á að gæta á varúðar við notkun meðalöflugra CYP3A4-virkja (t.d. bosentan, efavirenz, modafinil).

CYP3A4-hemlar

Við samhliðagið endurtekinna skammta af itraconazoli (öflugur CYP3A4-hemill) varð 1,19 föld aukning á C_{max} fyrir lazertinib og 1,46 föld aukning á AUC hjá heilbrigðum einstaklingum. Ekki þarf að aðlaga upphafsskammt þegar Lazcluze er gefið samhliða CYP3A4-hemlum.

Lyf sem draga úr magasýru

Enginn klínískur munur sem skiptir máli kom fram á lyfjahvörfum lazertinibs við gjöf samhliða lyfjum sem draga úr magasýru (prótónupumpuþemlar og H²-viðtakablokkar). Ekki þarf að aðlaga skammta þegar Lazcluze er notað með lyfjum sem draga úr magasýru.

Lazcluze getur haft áhrif á plasmabéttni eftirfarandi lyfja

CYP3A4-hvarfefni

Við samhliðagjöf endurtekinna skammta með 160 mg af Lazcluze einu sinni á dag jókst C_{max} fyrir midazolam (CYP3A4-hvarfefni) 1,39 falt og AUC 1,47 falt. Lyf með þröngan lækningalegan stuðul sem eru CYP3A4-hvarfefni (t.d. cyclosporin, everolimus, pimoizid, quinidin, sirolimus, tacrolimus) á að nota með varúð þar sem lazertinib getur aukið plasmabéttni þessara lyfja.

BCRP-hvarfefni

Við samhliðagjöf endurtekinna skammta með 160 mg af Lazcluze einu sinni á dag jókst C_{max} fyrir rosuvastatin (BCRP-hvarfefni) 2,24 falt og AUC 2,02 falt. Lyf með þröngan lækningalegan stuðul sem eru BCRP-hvarfefni (t.d. sunitinib) á að nota með varúð þar sem lazertinib getur aukið plasmabéttni þessara lyfja.

CYP1A2-hvarfefni

Ekki er hægt að útiloka íleiðslu CYP1A2. Því er ráðlagt að gæta varúðar þegar það er gefið samhliða hvarfefnum CYP1A2 (t.d. tízanidín).

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstagjöf

Konur sem geta orðið þungaðar/Getnaðarvörn hjá körlum og konum

Ráðleggja á konum sem geta orðið þungaðar að nota örugga getnaðarvörn meðan á meðferðinni stendur og í allt að 3 vikur eftir meðferð.

Ráðleggja á karlkyns sjúklingum sem eru með konum sem geta orðið þungaðar að nota örugga getnaðarvörn (t.d. smokk) og ekki gefa sæði eða láta geyma sæði meðan á meðferðinni stendur og í allt að 3 vikur eftir síðasta skammt af lazertinibi.

Meðganga

Engar upplýsingar liggja fyrir um notkun lazertinibs hjá þunguðum konum. Dýrarannsóknir hafa sýnt eitruverkanir á æxlun (minnkuð afkoma fósturvísis-fósturs og fósturbungi) (sjá kafla 5.3). Samkvæmt verkunarhætti og upplýsingum úr dýrarannsóknum getur lazertinib verið skaðlegt fyrir fóstur þegar það er gefið á meðgöngu. Ekki á að nota lazertinib á meðgöngu nema ávinningur af meðferð hjá konunni sé talinn vega þyngra en hugsanleg hættu fyrir fóstur. Ef kona sem notar lyfið verður þunguð meðan á töku lyfsins stendur á að upplýsa hana um hugsanlega hættu fyrir fóstur.

Brjóstagjöf

Ekki er þekkt hvort lazertinib/umbrotsefni þess skiljast út í brjóstamjólk eða hafi áhrif á mjólkurframleiðslu. Þar sem ekki er hægt að útiloka hættu af brjóstagjöf fyrir barnið á að ráða konum frá því að gefa brjóst meðan á meðferð stendur og í 3 vikur eftir síðasta skammt af lazertinibi.

Frjósemi

Engar upplýsingar liggja fyrir um áhrif Lazcluze á frjósemi hjá mönnum. Rannsóknir á dýrum hafa sýnt að lazertinib hefur áhrif á æxlunarferi hjá kvenkyns dýrum (fækkun tíðahringa og gulbúa) og

karlkyns dýrum (hrörnunarbreytingar í eistum) og getur skert frjósemi hjá kven- og karlkynsdýrum (sjá kafla 5.3).

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Lazcluze hefur lítil áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla. Ef sjúklingur finnur fyrir meðferðartengdum einkennum (eins og þreytu) sem hafa áhrif á einbeitingu og viðbragðsflýti, er þeim ráðið frá því að aka og nota vélar þangað til áhrifin líða hjá.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á öryggi lyfsins

Algengustu aukaverkanirnar af hvaða stigi sem er voru útbrot (89%), eiturverkun á neglur (71%), innrennslistengd viðbrögð (amivantamab) (63%), blóðalbúmínlækkun (amivantamab) (48%), eiturverkanir á lifur (47%), bjúgur (amivantamab) (47%), munnbólga (43%), bláæðasegarek (37%), náladofi (34%), þreyta (32%), hægðatregða (29%), niðurgangur (29%), húðþurrkur (26%), minnkuð matarlyst (24%), kláði (24%), blóðkalsíumlækkun (21%), aðrir augnkvillar (21%) og ógleði (21%).

Algengustu alvarlegu aukaverkanirnar af hvaða stigi sem er voru m.a. bláæðasegarek (11%), lungnabólga (4,0%), útbrot (3,1%), millivefslungnasjúkdómur/millivefslungnabólga (2,9%), COVID-19 (2,4%), eiturverkanir á lifur (2,4%), fleiðruvökvi (2,1%), innrennslistengd viðbrögð (amivantamab) (2,1%), öndunarbílun (1,4%), þreyta (1,2%), bjúgur (amivantamab) (1,2%), blóðalbúmínlækkun (amivantamab) (1,2%) og blóðnatríumlækkun (1,2%).

Algengustu aukaverkanirnar sem urðu til þess að meðferð var hætt af einhverjum ástæðum hjá sjúklingum sem fengu Lazcluze ásamt amivantamabi voru útbrot (6%), innrennslistengd viðbrögð (amivantamab) (4,5%), eiturverkun á neglur (3,6%), millivefslungnasjúkdómur/millivefslungnabólga (2,9%), bláæðasegarek (2,9%), lungnabólga (1,9%) og bjúgur (amivantamab) (1,7%).

Tafla með aukaverkunum

Í töflu 3 er samantekt á aukaverkunum sem komu fram hjá sjúklingum sem fá lazertinib ásamt amivantamabi.

Upplýsingarnar endurspeglar útsetningu fyrir lazertinibi hjá 421 sjúklingi sem fékk lazertinib ásamt amivantamabi í MARIPOSA. Miðgildi útsetningar fyrir lazertinibi var 18,5 mánuðir (á bilinu: 0,2 til 31,4 mánuðir).

Aukaverkanir sem komu fram í klínískum rannsóknum eru taldar upp hér á eftir samkvæmt tíðni. Tíðni er skilgreind á eftirfarandi hátt: mjög algengar ($\geq 1/10$); algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$); sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$); mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$); koma örsjaldan fyrir ($< 1/10.000$); og tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum). Innan hvers tíðniflokks eru alvarlegustu aukaverkanirnar taldar upp fyrst.

Tafla 3: Aukaverkanir hjá sjúklingum sem fá lazertinib ásamt amivantamabi

Líffæraflokkur Aukaverkun	Tíðni	Öll stig (%)	3.-4. stig (%)
Efnaskipti og næring			
Blóðalbúmínlækkun ^{a, b}	Mjög algengar	48	5
Minnkuð matarlyst		24	1,0
Blóðkalsíumlækkun		21	2,1
Blóðkalíumlækkun		14	3,1
Blóðmagnesiumlækkun	Algengar	5	0
Taugakerfi			
Náladofi ^a	Mjög algengar	34	1,7
Sundl ^a		13	0

Augu			
Aðrar augnraskanir ^a	Mjög algengar	21	0,5
Skert sjón ^a	Algengar	4,5	0
Glærubólga		2,6	0,5
Vöxtur augnhára ^a		1,9	0
Æðar			
Bláæðasegarek ^a	Mjög algengar	37	11
Öndunarfæri, brjósthol og miðmæti			
Millivefslungnasjúkdómur/millivefslungnabólga ^a	Algengar	3,1	1,2
Meltingarfæri			
Munnbólga ^a	Mjög algengar	43	2,4
Niðurgangur		29	2,1
Hægðatregða		29	0
Ógleði		21	1,2
Uppköst		12	0,5
Kviðverkir ^a		11	0
Gyllinæð	Algengar	10	0,2
Lifur og gall			
Eiturverkanir á lifur ^a	Mjög algengar	47	9
Húð og undirhúð			
Útbrot ^a	Mjög algengar	89	27
Eiturverkun á neglur ^a		71	11
Húðþurrkur ^a		26	1,0
Kláði		24	0,5
Handa- og fótaheilkenni (palmar-plantar erythro-dysaesthesia syndrome)	Algengar	6	0,2
Ofsakláði		1,2	0
Stoðkerfi og bandvefur			
Vöðvakrampar	Mjög algengar	17	0,5
Vöðvaverkir		13	0,7
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað			
Bjúgur ^{a, b}	Mjög algengar	47	2,9
Þreyta ^a		32	3,8
Hiti		12	0
Áverkar, eitranir og fylgikvillar aðgerðar			
Innrennslistengd viðbrögð ^b	Mjög algengar	63	6

^a safnheiti

^b á eingöngu við um amivantamab.

Lýsing á völdum aukaverkunum

Bláæðasegarek

Greint var frá bláæðasegareki þ. á m. djúpbláæðarstorku (14,5%) og lungnasegareki (17,3%) hjá 37% sjúklinga sem fengu lazertinib ásamt amivantamabi. Flest tilvikin voru 1. eða 2. stigs, 3.-4. stigs tilvik komu fram hjá 11% og dauðsföll urðu hjá 0,5% sjúklinga sem fengu lazertinib ásamt amivantamabi. Sjá upplýsingar um forvörn með segavarnarlyfjum og meðferð bláæðasegareks í köflum 4.2 og 4.4.

Hjá sjúklingum sem fengu lazertinib ásamt amivantamabi var miðgildi tíma fram að fyrsta tilviki bláæðasegareks 84 dagar. Bláæðasegarek varð til þess að meðferð var hætt hjá 2,9% sjúklinga.

Millivefslungnasjúkdómur/millivefslungnabólga

Greint var frá millivefslungnasjúkdómi eða aukaverkunum sem líkjast millivefslungnasjúkdómi (t.d. millivefslungnabólga) við notkun lazertinibs ásamt amivantamabi sem og með öðrum EGFR-hemlum. Greint var frá millivefslungnasjúkdómi eða millivefslungnabólgu hjá 3,1% sjúklinga sem fengu

meðferð með lazertinibi ásamt amivantamabi, þ. á m. voru 0,2% tilvika banvæn. Sjúklingar með sögu um millivefslungnasjúkdóm, lyfjatengdan millivefslungnasjúkdóm, geislunarmillivefslungnabólgu þar sem sterameðferð var nauðsynleg, eða einhverjar vísbendingar um klínískt virkan millivefslungnasjúkdóm voru útilokaðir frá klínísku rannsókninni (sjá kafla 4.4).

Viðbrögð í húð og nögllum

Útbrot (þ. á m. örtulík húðbólga), kláði og húðþurrkur hefur komið fram. Útbrot komu fram hjá 89% sjúklinga sem fengu meðferð með lazertinibi ásamt amivantamabi. Flest tilvikin voru 1. eða 2. stigs; 3. stigs tilvik komu fram hjá 27% sjúklinga. Útbrot sem urðu til þess að meðferð var hætt komu fram hjá 6% sjúklinga. Útbrot komu yfirleitt fram á fyrstu 4 vikum meðferðar þar sem miðgildi tíma þar til þau komu fram var 14 dagar. Eiturverkun á neglur kom fram hjá sjúklingum sem fengu meðferð með lazertinibi ásamt amivantamabi. Flest tilvikin voru 1. eða 2. stigs; 3. stigs eiturverkun á neglur kom fram hjá 11% sjúklinga (sjá kafla 4.4).

Augu

Augnkvillar á borð við glærubólgu (2,6%) komu fram hjá sjúklingum sem fengu meðferð með lazertinibi ásamt amivantamabi. Aðrar aukaverkanir sem tilkynnt var um voru m.a. vöxtur augnhára, skert sjón og aðrir augnkvillar. Flest tilvikin voru 1.-2. stigs (sjá kafla 4.4).

Eiturverkanir á lifur

Eiturverkanir á lifur komu fram hjá 47% sjúklinga sem fengu meðferð með lazertinibi ásamt amivantamabi. Flest tilvikin voru 1-2. stigs en 3.-4. stigs eiturverkanir á lifur komu fram hjá 9% sjúklinga. Flest tilvikin tengdust hækkun transamínasa í sermi (36% hækkun alanín-amínótransferasa og 29% hækkun aspartat-amínótransferasa). Flestir sjúklingar með hækkun transamínasa gátu haldið rannsóknarmeðferðinni áfram án breytinga en hjá litlum hluta þurfti að gera hlé á skömmtun eða minnka skammt. Engin tilvik lifrabilunar eða banvæn tilvik eiturverkana á lifur komu fram í klínískum rannsóknum.

Náladofi

Náladofi kom fram hjá 34% sjúklinga sem fengu meðferð með lazertinibi ásamt amivantamabi. Flest tilvikin voru 1-2. stigs en 3. stigs náladofi kom fram hjá 1,7% sjúklinga. Hjá flestum sjúklingum gekk náladofi til baka þegar hlé var gert á skömmtun eða skammtar minnkaðir.

Munnbólga

Munnbólga kom fram hjá 43% sjúklinga sem fengu meðferð með lazertinibi ásamt amivantamabi. Flest tilvikin voru 1-2. stigs en 3. stigs munnbólga kom fram hjá 2,4% sjúklinga.

Niðurgangur

Niðurgangur kom fram hjá 29% sjúklinga sem fengu meðferð með lazertinibi ásamt amivantamabi. Flest tilvikin voru 1-2. stigs en 3. stigs niðurgangur kom fram hjá 2,1% sjúklinga.

Sérstakir sjúklingahópar

Aldraðir

Takmarkaðar klínískar upplýsingar um lazertinib liggja fyrir hjá sjúklingum 75 ára og eldri (sjá kafla 5.1). Aldraðir sjúklingar (≥ 65 ára) tilkynntu um fleiri aukaverkanir af stigi 3 eða hærra samanborið við sjúklinga sem voru < 65 ára (81% samanborið við 70%). Þótt skammtahlé og skammtaminnkun væri af svipaðri tíðni, var tíðni aukaverkana sem urðu til þess að hætta þurfti meðferð hærri hjá sjúklingum sem voru ≥ 65 ára en hjá sjúklingum sem voru < 65 ára (47% samanborið við 25%).

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá Appendix V.

4.9 Ofskömmtnun

Ekkert sértækt móteitur er til við ofskömmtnun Lazcluze. Við ofskömmtnun á að hætta notkun Lazcluze og hefja almenna stuðningsmeðferð. Fylgjast á náið með sjúklingum með tilliti til teikna og einkenna aukaverkana.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: æxlishefjandi lyf, próteínkínasahemlar, ATC-flokkur: L01EB09.

Verkunarháttur

Lazertinib er óafturkræfur EGFR-týrósínkínasahemill (TKI) sem hamlar valkvætt bæði forvirkjandi EGFR-stökkbreytingar (stökkbreytingarnar úrfelling í táknröð 19 og útskipting í táknröð 21 L858R) og þolmyndandi stökkbreytinguna EGFR T790M en hefur minni áhrif á EGFR af villigerð.

Lyfhrif

Samkvæmt greiningu á útsetningu og svörun með tilliti til öryggis var tilhneiging til aukins náladofa og munnbólgu með aukinni útsetningu fyrir lazertinibi.

Raflífeðlisfræði hjartans

Möguleg lenging QTc-bils af völdum lazertinibs var metin með greiningu á útsetningu og svörun sem var gerð með klínískum upplýsingum frá 243 sjúklingum með lungnakrabbamein sem ekki er af smáfrumugerð sem fengu 20, 40, 80, 120, 160, 240 eða 320 mg af lazertinibi einu sinni á dag í 1./2. stigs rannsókn. Tengsl útsetningar og svörunar gáfu til kynna að engin klínísk tengsl sem skipta máli væru á milli plasmáþéttni lazertinibs og breytinga á QTc-bili.

Verkun og öryggi

MARIPOSA er slembuð, opin, fjölsetra 3. stigs rannsókn með virkum samanburði þar sem lagt var mat á verkun og öryggi Lazcluze ásamt amivantamabi samanborið við osimertinib eitt og sér sem fyrstavalmeðferð hjá sjúklingum með lungnakrabbamein sem ekki er af smáfrumugerð sem er EGFR-stökkbreytt, staðbundið langt gengið eða með meinvörpum, ekki móttækilegt fyrir læknaði meðferð. Nauðsynlegt var að sýni frá sjúklingum væri með aðra af tveimur algengum EGFR-stökkbreytingum (stökkbreytingarnar úrfelling í táknröð 19 eða útskipting í táknröð 21 L858R) samkvæmt svæðisbundinni greiningu. Æxlisvefur (94%) og/eða plasmásýni (6%) úr öllum sjúklingum voru prófuð svæðisbundið til að ákvarða stöðu EGFR-stökkbreytinganna úrfellingar í táknröð 19 og/eða útskiptingu í táknröð 21 L858R með keðjumögnun (PCR) hjá 65% og háhraðaraðgreiningu (NGS) hjá 35% sjúklinga.

Alls var 1.074 sjúklingum slembiraðað (2:2:1) og fengu Lazcluze ásamt amivantamabi, osimertinib einlyfjameðferð eða Lazcluze einlyfjameðferð þar til sjúkdómurinn ágerðist eða eiturvekanir urðu óásættanlegar. Lazcluze 240 mg var gefið með inntöku einu sinni á dag. Amivantamab 1.050 mg var gefið í bláæð (sjúklingum < 80 kg) eða 1.400 mg (sjúklingum ≥ 80 kg) einu sinni í viku í 4 vikur,

síðan á 2 vikna fresti, byrjað var í viku 5. Osimertinib var gefið í skammtinum 80 mg til inntöku einu sinni á dag. Slembiröðun var lagskipt eftir gerð EGFR-stökkbreytingar (stökkbreytingarnar úrfelling í táknröð 19 eða útskipting í táknröð 21 L858R), kynþætti (asískur eða annar kynþáttur) og sögu um meinvörp í heila (já eða nei).

Jafnvægi var á meðferðarhópunum með tilliti til lýðfræðilegra þátta og sjúkdómseinkenna við upphaf. Miðgildi aldurs var 63 ár (á bilinu: 25–88), 45% sjúklinga voru ≥ 65 ára og 11% ≥ 75 ára; 62% voru konur og 59% asískir og 38% hvítir. ECOG-færnis skor (Baseline Eastern Cooperative Oncology Group performance status) var 0 (34%) eða 1 (66%); 69% höfðu aldrei reykt; 41% höfðu verið með meinvörp í heila og 90% voru með 4. stigs krabbamein við greiningu. Með tilliti til stöðu EGFR-stökkbreytingar voru 60% með stökkbreytinguna úrfellingu í táknröð 19 og 40% voru með stökkbreytinguna útskiptingu í táknröð 21 L858R.

Með Lazcluze ásamt amivantamabi var sýnt fram á tölfræðilega marktækar framfarir með tilliti til lifunar án sjúkdómsversnunar (PFS) samkvæmt BICR-mati.

Verkunarniðurstöður fyrir Lazcluze ásamt amivantamabi eru teknar saman í töflu 4, mynd 1 og mynd 2.

Tafla 4: Verkunarniðurstöður í MARIPOSA

	Lazcluze + amivantamab (N=429)	Osimertinib (N=429)
Lifun án sjúkdómsversnunar (PFS) ^a		
Fjöldi tilvika	192 (45%)	252 (59%)
Miðgildi, mánuðir (95% CI)	23,7 (19,1; 27,7)	16,6 (14,8; 18,5)
Hættuhlutfall (95% CI); p-gildi	0,70 (0,58; 0,85); p=0,0002	
Heildarlifun (OS)		
Fjöldi tilvika	142 (33%)	177 (41%)
Miðgildi, mánuðir (95% CI)	NE (NE; NE)	37,3 (32,5; NE)
Hættuhlutfall (95% CI); p-gildi ^b	0,77 (0,61; 0,96); p=0,0185	
Hlutlæg svörunartíðni (ORR) ^{a, c}		
ORR % (95% CI)	80% (76%; 84%)	77% (72%; 81%)
Lengd svörunar (DOR) ^{a, c}		
Miðgildi mánuðir (95% CI)	25,8 (20,3; 33,9)	18,1 (14,8; 20,1)

BICR = blinduð, óháð miðlæg skoðun; CI = öryggisbil; NE = ekki hægt að meta.


PFS niðurstöður eru frá lokadegi gagnaöflunar 11. ágúst 2023 og miðgildi eftirfylgni er 22,0 mánuðir. OS, ORR og DOR niðurstöður eru frá lokadegi gagnaöflunar 13. maí 2024 og miðgildi eftirfylgni er 31,3 mánuðir.

^a BICR samkvæmt RECIST v1.1.

^b P-gildið er borið saman við 2-hliða marktökustig sem er 0,00001. Því voru OS niðurstöður ekki tölfræðilega marktækar frá og með síðustu milligreiningu.


^c Samkvæmt sjúklingum með staðfesta svörun.

Mynd 1: Kaplan-Meier graf fyrir lifun án sjúkdómsversnunar hjá sjúklingum með lungnakrabbamein sem ekki er af smáfrumugerð sem hafa ekki fengið meðferð áður, samkvæmt BICR-mati



Miðgildi eftirfylgni var u.þ.b. 31 mánuður og uppfært hættuhlutfall heildarlifunar var 0,77 (95% CI: 0,61; 0,96; $p = 0,0185$). Þetta var ekki tölfræðilega marktækt í samanburði við tvíhliða marktektarmörk sem námu 0,00001.

Mynd 2: Kaplan-Meier Kaplan-Meier graf fyrir heildarlifun hjá sjúklingum með lungnakrabbamein sem ekki er af smáfrumugerð sem hafa ekki fengið meðferð áður



ORR og DOR innan höfuðkúpu voru fyrirfram skilgreindir endapunktur í MARIPOSA. Hjá undirhópi sjúklinga með meinsemdir innan höfuðkúpu við upphaf, fyrir samsetninguna Lazcluze og amivantamab, var sýnt fram á svipað ORR innan höfuðkúpu og viðmiðunarhópurinn. Samkvæmt meðferðaráætlun fengu allir sjúklingarnir í MARIPOSA röð segulómsskoðana til að meta svörun innan höfuðkúpu og lengd svörunar. Niðurstöðurnar eru teknar saman í töflu 5.

Tafla 5: ORR og DOR innan höfuðkúpu samkvæmt BICR metið hjá einstaklingum með meinsemdir innan höfuðkúpu við upphaf

	Lazcluze + amivantamab (N=180)	Osimertinib (N=186)
Mat á svörun æxlis innan höfuðkúpu		
ORR innan höfuðkúpu (CR+PR), % (95% CI)	77% (70%; 83%)	77% (71%; 83%)
Full svörun	63%	59%
DOR innan höfuðkúpu		
Miðgildi, mánuðir (95% CI)	NE (21,4; NE)	24,4 (22,1; 31,2)

CI = öryggisbil; NE = ekki hægt að meta

Niðurstöður varðandi ORR og DOR innan höfuðkúpu eru úr gögnum sem hætt var að safna 13. maí 2024 með miðgildi eftirfylgni 31,3 mánuði.

Börn

Lyfjastofnun Evrópu hefur fallið frá kröfu um að lagðar verði fram niðurstöður úr rannsóknum á Lazcluze hjá öllum undirhópum barna við lungnakrabbameini sem ekki er af smáfrumugerð.

5.2 Lyfjahvörf

Eftir staka og endurtekna gjöf með inntöku einu sinni á dag jókst hámarksplasmaþéttni lazertinibs (C_{max}) og flatarmál undir tímaferli fyrir plasmaþéttni (AUC) u.þ.b. í réttu hlutfalli við skammta á bilinu 20 til 320 mg.

Jafnvægi útsetningar í plasma var náð á 15. degi eftir gjöf einu sinni á dag og u.þ.b. tvöföld uppsöfnun kom í ljós við jafnvægi eftir gjöf 240 mg einu sinni á dag.

Útsetning lazertinibs í plasma var sambærileg hvort sem lazertinib var gefið ásamt amivantamabi eða sem einlyfjameðferð.

Frásög

Miðgildi tíma til að ná C_{max} eftir stakan skammt og við jafnvægi var sambærilegt og var á bilinu 2 til 4 klst.

Eftir gjöf lazertinib 240 mg með fituríkri máltíð (800~1.000 kcal, fituinnihald u.þ.b. 50%) var C_{max} og AUC fyrir lazertinib sambærilegt gildum við fastandi ástand sem bendir til þess að lazertinib má taka með mat eða án.

Dreifing

Dreifing lazertinib var umfangsmikil með dreifingarrúmmál (CV%) 4.264 lítra (43,2%) eftir 240 mg skammt. Meðalpróteinbinding lazertinibs í plasma (CV%) var u.þ.b. 99,2% (0,13%) hjá mönnum. Sýnt var fram á samgild tengsl lazertinibs við blóð og plasmaprótein hjá mönnum eftir inntöku og *in vitro*.

Umbrot

Lazertinib umbrotnar aðallega með glutathion samtengingu annaðhvort fyrir tilstilli ensíma með glutathion S-transferasa (GST) eða án ensímvirgni sem og fyrir tilstilli CYP3A4. Algengustu umbrotsefnin eru glutathion frálífunarefni og eru þau talin klínískt óvirk. GSTM1-miðlað umbrot hafði áhrif á útsetningu fyrir lazertinibi í plasma sem leiddi til minni útsetningar (innan við tvöfaldur munur) hjá „Non-null“ GSTM1-sjúklingum. Ekki þarf að aðlaga skammta samkvæmt GSTM1-stöðu.

Brotthvarf

Eftir 240 mg skammt var úthreinsun (CV%) 44,5 (29,5%) l/klst. og lokahelmingunartími lazertinibs 64,7 (32,8%) klst.

Útskilnaður

Eftir inntöku staks skammts geislamerktis lazertinibs greindist u.þ.b. 86% af skammtinum í hægðum (< 5% á óbreyttu formi) og 4% í þvagi, (< 0,5% á óbreyttu formi).

Samhliðagjöf OCT1- og UGT1A1-hvarfefna

Við samhliðagjöf endurtekinna skammta af Lazcluze varð ekki aukning á C_{max} og AUC fyrir metformin (OCT1-hvarfefni). Lazcluze hamlar ekki OCT1.

Samkvæmt *in vitro* rannsóknum getur Lazcluze hamlað UGT1A1. Vegna skorts á áhrifum á gildi ótengds bilirúbíns í klínískri rannsókn er samt sem áður ekki gert ráð fyrir milliverkun sem skiptir máli klínískt með UGT1A1-hvarfefnum.

Sérstakir hópar

Aldraðir

Samkvæmt þýðisgreiningu á lyfjahvörfum kom enginn aldurstengdur munur á lyfjahvörf lazertinibs fram sem skiptir máli klínískt.

Skert nýrnastarfsemi

Samkvæmt þýðisgreiningu á lyfjahvörfum þarf ekki að aðlaga skammta hjá sjúklingum með vægt skerta, meðalskerta eða verulega skerta nýrnastarfsemi með áætlaðan gaukulsíunarhraða (eGFR) 15 til 89 ml/mín. Upplýsingar hjá sjúklingum með verulega skerta nýrnastarfsemi (eGFR 15 til 29 ml/mín.) eru takmarkaðar (n=3) en ekkert bendir til þess að nauðsynlegt sé að aðlaga skammta hjá þessum sjúklingum. Engar upplýsingar liggja fyrir hjá sjúklingum með nýrnasjúkdóm á lokastigi (eGFR < 15 ml/mín.).

Skert lifrastarfsemi

Samkvæmt niðurstöðum úr klínískri lyfjafræðirannsókn hafði meðalskert lifrastarfsemi (Child-Pugh flokkur B) engin áhrif sem skipta máli klínískt á lyfjahvörf lazertinibs eftir stakan skammt. Samkvæmt þýðisgreiningu á lyfjahvörfum þarf ekki að aðlaga skammta hjá sjúklingum með vægt skerta lifrastarfsemi (heildarbilirúbín $\leq$ ULN og ASAT > ULN eða ULN < heildarbilirúbín $\leq$ 1,5×ULN og hvaða ASAT sem er) eða meðalskerta lifrastarfsemi (1,5×ULN < heildarbilirúbín $\leq$ 3×ULN og hvaða ASAT sem er). Engar upplýsingar liggja fyrir hjá sjúklingum með verulega skerta lifrastarfsemi (heildarbilirúbín > 3×ULN og hvaða ASAT sem er).

Börn

Lyfjahvörf lazertinibs hjá börnum hafa ekki verið rannsökuð.

Aðrir hópar

Enginn munur sem skiptir máli klínískt var á lyfjahvörfum lazertinibs með tilliti til kyns, líkamsþyngdar, kynþáttar, þjóðernis, upphafsgilda rannsóknaniðurstaðna (kreatínínúthreinsun, albúmín, alanín-aminótransferasi, alkalískur fosfatasi, aspartat-aminótransferasi), ECOG-færniskors, gerðar EGFR stökkbreytingar, upphafsstigs krabbameins við greiningu, fyrri meðferða, meinvarpa í heila og sögu um reykingar.

5.3 Forklínískar upplýsingar

